**Ísafjarðarbær (kt. 540596-2639) og íþróttafélagið Vestri (kt. 520416-0720) gera með sér eftirfarandi samkomulag um nýtingu á vallarhúsinu við íþróttasvæðið á Torfnesi**

Íþróttafélagið Vestri fær fullan afnotarétt af efri hæð hússins. Félagið sér um að halda húnæðinu hreinu og snyrtilegu. Félagið hefur heimild í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja til að framkvæma á efri hæðinni breytingar sem miða að því að gera húsið notendavænna.

Vestra ber að heimila öðrum íþróttafélögum í Ísafjarðarbæ að nýta fundaraðstöðu í húsinu, sú notkun skal alltaf vera í samráði við Vestra.

Ísafjarðarbær sér til þess að á næstu tveimur árum verði komið fyrir salernum á efri hæð hússins. Ísafjarðarbær mun í samstarfi við Vestra og HSV finna lausn á aðgengi að opnun og lokun hússins með góðu lyklakerfi. Vestri ber ábyrgð á að í húsinu séu aldrei iðkendur undir 18 ára aldri án Þjálfara/umsjónarmanns.

Ísafjarðarbær greiðir rafmagn og hita af húsnæðinu.

Mikilvægt er að allir þeir sem aðgang munu hafa af húsinu hafi siðareglur HSV ávalt til hliðsjónar í öllum störfum sínum. Þar sem ekki verður starfsmaður frá Ísafjarðarbæ í húsinu er einkar mikilvægt fyrir þjálfara að virða 18. grein hegðunarviðmiða fyrir þjálfara þar sem segir ,,Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda".

Samkomulag þetta er til tveggja ára og er uppsegjanlegt með þriggja mánaða fyrirvara. Verði brot á umgengnisreglum eða þeim tilmælum sem í samningi þessum koma fram er hægt að rifta samkomulaginu strax.

Rísi mál útaf samkomulagi þessu skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samkomulagið skal undirritað í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila, í votta viðurvist.

Ísafjörður 7. desember 2017

| ______________________________ | ______________________________ |
|---|---|
| Fyrir hönd Vestra | Fyrir hönd Ísafjarðarbæjar |